

## TILLAGA

### Þingsályktun um stríðið í Úkraínu og fyrir botni Miðjarðarhafs (Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Arnfríði Guðmundsdóttur og Þuríði Björgu W. Árnadóttur  
Frsm. Arnfríður Guðmundsdóttir

Kirkjuþing 2023-2024 samþykkir eftirfarandi þingsályktun:

Heimsþing Lútherska heimssambandsins var haldið í Krakow í Póllandi í september s.l. Þar var samþykkt að fordæma hernaðaráttök, m.a. í Úkraínu og fyrir botni Miðjarðarhafs, þar sem alþjóðleg mannréttindalög eru ekki virt og grundvallarmannréttindi almennra borgara eru fótum troðin.

Kirkjuþing íslensku þjóðkirkjunnar tekur undir ályktanir systurkirkna sinna og hvetur fólkið í kirkjum landsins til að sýna samstöðu með öllum þeim sem líða og þjást vegna vopnaðra átaka og til að halda áfram að biðja fyrir friði í heiminum. Kirkjuþing kallar eftir friði og tafarlausu vopnahléi af mannúðarástæðum svo að hægt sé að sinna neyðarastoð og koma hjálpargögnum til þeirra sem þurfa á að halda.

#### Greinargerð.

Íslenska þjóðkirkjan er aðili að Lútherska heimssambandinu, sem samanstendur af 150 aðildarkirkjum í 99 löndum. Alls tilheyra rúmlega 77 milljón einstaklingar þessum kirkjum, sem starfa m.a. á stríðshráðum svæðum víða um heim. Sambandið stendur fyrir víðtæku hjálparstarfi og rekur m.a. Augusta Victoria sjúkrahúsið í Jerúsalem. Leiðtogar kristinna kirkna í Jerúsalem hafa ítrekað óskað eftir samstöðu og stuðningi frá systurkirkjum sínum og alþjóðasamfélaginu, en þau óttast að kristnum kirkjum, sem lengi hafa átt undir högg að sækja, verði ekki lengur vært í Landinu helga.